



# SKÝRSLA STJÓRNAR

Landssambands hestamannafélaga  
Landsþing 2021

## Efnisyfirlit

Stjórn LH.....	3
Stjórnarfundir.....	3
Starfsmenn LH.....	3
Nefndir LH.....	4
Samstarf við ÍSí.....	4
COVID-19.....	5
FEIF samstarf.....	6
Samstarf Norðurlandanna .....	6
Samstarf við Horses of Iceland (HOI) .....	6
Samgöngusáttmálinn .....	7
Polreið .....	8
Reiðvegamála.....	8
Landsmót hestamanna ehf. ....	9
Skógarhólar .....	10
Sportfengur .....	10
Íslandsmót.....	11
Jöfnunarsjóður dómarakostnaðar .....	12
Gæðingakeppni.....	12
Verðlaunahátíð LH .....	13
Nýliðun / kynningarmál.....	13
Afreksmál .....	13
Heimsmeistaramóti 2021 aflýst.....	15
Norðurlandamót 2022 .....	15
Endurskoðun laga og reglna LH .....	15
Trec .....	15
Könnun um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélög.....	15
Menntaráðstefna LH .....	15
Agamál og Dómstóll ÍSí .....	16
Viðbrögð við áreiti og ofbeldi innan íþróttthreyfingarinnar .....	16
Gullmerki LH.....	16
Lokaorð .....	16

## Stjórn LH

### Aðalstjórn LH 2020-2022

*Formaður:* Guðni Halldórsson

*Varaformaður:* Stefán Logi Haraldsson

*Gjaldkeri:* Hákon Hákonarson

*Ritari:* Gréta V. Guðmundsdóttir

*Meðstjórnendur:*

Eggert Hjartarsson

Siguroddur Pétursson

Sóley Margeirsdóttir

### Varastjórn LH 2018-2020

Einar Gíslason

Aníta Aradóttir

Ómar Ingi Ómarsson

Ingimar Baldvinsson

Lilja Björk Reynisdóttir



## Stjórnarfundir

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 17 stjórnarfundir. Haldnar voru tvær vinnuhelgar stjórnar, sú fyrri helgina 16.-17. janúar 2021, og sú síðari helgina 15.-15. október 2021. Á vinnuhelgum gefst rýmri tími til að fjalla ítarlega um mál sem eru í brennidepli og skilar sú vinna miklum árangri. Varamenn eru ávallt boðaðir á stjórnarfundum. Allir stjórnarfundir hafa verið haldnir með fjarfundabúnaði.

## Starfsmenn LH

Nokkrar starfsmannabreytingar hafa verið á skrifstofu LH, framan af ári voru tveir starfsmenn í samtals 190% starfshlutfalli. Í gegnum átakið „hefjum störf“ var í apríl ráðinn starfsmaður til sex mánaða sem hefur nú hlotið fastráðningu hjá LH og sumarstarfsmaður á Skógarhólum var ráðinn í gegnum átakið „sumarstörf námsmanna“ hjá Vinnumálastofnun. Í sumar fór annar fastráðni starfsmaðurinn í langtímaveikindaleyfi.

Frá 1. október eru tveir starfsmenn á skrifstofu, báðir í fullu starfi, þær Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Aníta Aradóttir.

Þjálfarar LH eru ráðnir sem verktakar. Sigurbjörn Bárðarson er A-landsliðsþjálfari og Hekla Katharína Kristinsdóttir er U21-landsliðsþjálfari og Sigvaldi Lárus Guðmundsson er yfirþjálfari hæfileikamótunar.


## Nefndir LH

Fastanefndir LH eru 10 talsins, það eru aganefnd, keppnisnefnd, laganefnd, landsliðsnefnd, mannvirkjanefnd, menntanefnd, reiðveganefnd, tölvunefnd, æskulýðsnefnd og dómaranefnd. Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum formannafundar <https://www.lhestar.is/is/um-lh/formannafundir/formannafundur-2021>

Að auki voru skipaðar þrjár nýjar nefndir: *Ferða- og öryggisnefnd* sem er falið að fjalla um öryggismál hestamanna, *Átakshópur um nýliðun og útbreiðslu* sem vinnur nú að átaksverkefni í kynningarmálum og *Mótanefnd* sem er falið að gera handbók fyrir mótshaldara sem mun liggja fyrir næsta keppnistímabil. Einnig er að störfum starfshópur um *Þolreið LH* og nýlega var skipaður starfshópur um *Íslandsmót í gæðingakeppni* sem er falið að meta hvort skila beri tillögu um reglugerð um Íslandsmót í gæðingakeppni fyrir næsta landsþing.

Nefndadagur hefur ekki verið haldinn á þessu ári vegna samkomutakmarkana, en stefnt er á að halda hann í janúar.

## Samstarf við ÍSÍ



LH er fjórða stærsta sérsamband innan ÍSÍ með um 12.500 iðkendur árið 2020 (stærri eru KSÍ, Golfsambandið og Fimleikasambandið).

Íþróttáþing ÍSÍ er haldið á tveggja ára fresti. Vegna samkomutakmarkana var fyrri hluti þingsins haldinn í fjarfundi í maí þar sem kosið var til stjórnar. Öðrum þingstörfum var frestað til haustsins og í október var þingstörfum framhaldið með nefndastörfum og gengið til atkvæða um þær breytingartillögur sem lágu fyrir þinginu. F.h. LH sátu þingið Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir og Berglind Karlsdóttir.

Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sérsambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSÍ:

- Lottótekjur

Íslensk getsþá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hærrí tekjum en undanfarin ár. Tekjur LH vegna lottósölu á þessu ári er um 1.200.000 kr. á mánuði að meðaltali og einnig hefur komið til aukagreiðslna vegna góðrar afkomu Íslenskrar getsþár.

b. Útbreiðslustyrkur

Á hverju ári er greiddur útbreiðslustyrkur sem er um 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSÍ frá Íslenskri getsþá sem skiptist milli sérsambanda og íþróttahéraða. Í upphafi árs var áætlaður útbreiðslustyrkur til LH 2021 um 2.600.000 kr., en sú tala er endurskoðuð í lok árs.

c. Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu

ÍSÍ úthlutar sérsamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Á árinu 2021 er ríkisstyrkur LH 3.420.000 kr.

d. Afrekssjóður

Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við kostnaðaráætlun hvers sérsambands fyrir afreksmál ársins. Áætlaður styrkur afrekssjóðs til LH fyrir árið 2021 er 12.400.000 kr. Sú fjárhæð verður tekin til endurskoðunar í lok árs með tilliti til verkefna ársins.

e. Fjárhagslegur styrkur v. Covid

Í upphafi árs var samþykkt úrræði félagsmálaráðherra um endurgreiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldursins og fékk LH um 1.300.000 kr. styrk vegna starfsmanna afreksmála.

## COVID-19

Skilyrði fyrir því að íþróttir megi eiga sér stað í heimsfaraldri er að sérsambönd hafi uppfærðar sóttvarnareglur í gildi, sem ÍSÍ og sóttvarnaryfirvöld þurfa að samþykkja. Með hverri nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra um sóttvarnir gefur ÍSÍ, í samvinnu við sóttvarnaryfirvöld, út nýjar sóttvarnareglur sem hvert sérsamband þarf að aðlaga sína íþrótt að og fá samþykktar.

Sóttvarnareglur varðandi framkvæmd æfinga og keppni í hestaíþróttum hafa verið uppfærðar 13 sinnum á árinu.



Gildandi sóttvarnareglur eru aðgengilegar á vef LH: <https://www.lhhestar.is/is/covid>.

## Viðburðir sem féllu niður vegna COVID-19

- Allra sterkustu
- FEIF Youth-Camp 2021 í Finnlandi
- Heimsmeistarmót íslenska hestsins 2021 í Herning

## FEIF samstarf

Fulltrúaþing FEIF 2021 (Delegates Assembly) var haldið rafrænt um miðjan febrúar. Fulltrúar Íslands á þinginu voru Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir og Berglind Karlsdóttir. Nefndafundum (Annual Meetings) var frestað fram á haust og var svo síðar frestað til febrúar 2022.

Í sumar stóð FEIF fyrir umfangsmikilli skoðanakönnun um framtíð og skipulag Heimsleika á meðal aðildarlandanna, móshaldara og annarra hagaðila þar sem spurningalistar voru sendar til fjölda aðila sem hafa aðkomu að mótunum. Í kjölfarið var svo niðurstaða þeirrar könnunar kynnt fyrir formönnum og forráðamönnum lands sambanda FEIF. Í október 2021 var skipaður vinnuhópur á vegum FEIF sem falið var að fara enn dýpra ofan í saumana á framtíðarskipulagi, regluverki og framtíðarsýn HM og voru valdir aðilar fengnir að þeirri vinnu og reynt að kappkosta að þeir kæmu bæði frá stærri og minni aðildarlöndum og hefðu mismunandi aðkomu að mótahaldinu. Formaður LH var valinn í þennan vinnuhóp sem fulltrúi formanna norðurlandanna. Hefur hópurinn fundað í nokkur skipti og eru nokkrar vonir bundnar við þá vinnu.

Covid hefur vitanlega sett töluvert strik í reikninginn varðandi allt alþjóðasamstarf og hafa engir fundir eða samkomur verið haldin á árinu þar sem hægt hefur verið að ræða mál og skiptast á skoðunum og hugmyndum.

## Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration). Formennirnir hittast reglulega á fjarfundum og hefur það samstarf og samtal verið með ágætum. Næsta stóra verkefni er Norðurlandamót sem haldið verður af Finnum á mjög spennandi mótssvæði á Álandseyjum í ágúst n.k.

## Samstarf við Horses of Iceland (HOI)

Samstarf við Horses of Iceland hefur verið gott og kom HOI m.a. að Þolreið LH og Samgöngusáttmálanum.

Í júní framlengdi Atvinnuvegaráðuneytið samstarfssamningi um HOI verkefnið um 6 mánuði. Stjórn LH samþykkti að framlag LH í verkefnið yrði óbreytt árið 2021 eða kr. 3.000.000. Hlutur hestamannafélaga í HOI verkefninu er þar af um 2.200.000 á árinu og er LH því að leggja verkefninu um 800.000 kr. umfram framlög hestamannafélaganna.

## Samgöngusáttmálinn

Formaður reiðveganefndar Fáks, Dagný Bjarnadóttir átti frumkvæði að því árið 2020, að hafa samband við forstjóra Samgöngustofu um hvort ekki væri tímabært að fjalla um öryggismál ríðandi umferðar. Því var vel tekið og var Einari Magnúsi Magnússyni hjá Samgöngustofu falið að halda utan um verkefnið fyrir þeirra hönd. Í framhaldinu boðaði Fákur til fundar þar sem settur var saman vinnuhópur aðila frá hagsmunaaðilum hestamennskunnar, Hjörný Snorradóttir fyrir hönd LH, Jelena Ohm fyrir Horses of Iceland og Bergljót Rist fulltrúi reiðskóla- og hestaleiga. Halldór Halldórsson þáverandi formaður ferða- og samgöngunefndar LH og Katrín Halldórsdóttir frá Vegagerðinni komu inn á síðari stigum. Hópurinn lagði til að gerð yrði fræðslumynd um umferðaröryggi hestamanna í anda þeirra mynda sem Samgöngustofa hefur áður gert.

Sáttmáli milli hestafólks og annarra vegfarenda um umferðaröryggi var undirritaður í Félagsheimili Fáks í Víðidal 8. maí 2021. Eftirfarandi hópar komu að undirritun sáttmálans:

- Félag ábyrgra hundaeigenda
- FÍB – Félag íslenskra bifreiðaeigenda
- Frjálsíþróttasamband Íslands
- Hestamannafélagið Fákur
- Hjólreiðasamband Íslands
- Horses of Iceland
- Landssamband hestamannafélaga
- Samgöngustofa
- Skíðagöngufélagið Ullur
- Skíðasamband Íslands
- Slóðavinir
- Sniglarnir
- Vegagerðin
- Ökukennarafélag Íslands

Við sama tækifæri var frumsýnd fræðslumynd sem unnin var í samvinnu Landssambands hestamannafélaga, Horses of Iceland og Samgöngustofu. Markmið hennar er að fræða aðra vegfarendur um eðli og viðbragð hestsins við áreitni, til þess að minnka áhættu á slysum. Þar er einnig lögð áhersla á að ólíkir útivistahópar geti notið útivistar saman, setji sig í spor hvers annars og kunni að bregðast rétt við.

**SÁTTMÁLI**

**HESTAFÓLK OG ANNARRA VEGFARENDA**

**KNAPI ER TIL FYRIRMYNDAR Í UMFERÐINI MED ÞVI AD...**

1. Fara að umferðarlögum og öðrum þeim reglum sem gilda
2. Fylgja regn umferðar- og umgengisreglum og sjna ábyrgð og tillitsemi
3. Vera skakandi fyrir umhverfinu, sjna ábyrgð, kurtasi og tillitsemi
4. Verða miðvæg samvinnu og enja og fyrir annara vegfarenda
5. Verða sérstök hjálpar- og gangandi ástærangar og annar umferðar hrasvegir

**KNAPI...**

1. Sjna ávallt varúð áháð ferðing
2. Letur eftir augsambandi við kjómennda annarar umferðar
3. Er meðtaður um mögulega stöggð hestans bírhella
4. Fer ávallt varúð inn á stöpsvæga mögulega ástærangar og hestafólki og gætt hlytu varúðar á stöpsvægu stögu og vegum
5. Er meðtaður um mögulega hattu á svæði sem hann sér ekki yfir
6. Kynur sér dröggvæga hella meðal að abtaður
7. Hefur huga á abta vegfarenda enu á öllum abta og missarar
8. Notar andrústin til að abta vöruleka við abtaður sem þess kerfjast
9. Gætt sérstakar varúðar á svæði þar sem lasaganga hunda er leyfð
10. Verður sérstök vöruleka hestafólki, hestum á sér og missarar í dröggvægu þar sem við á

**ANNARRA VEGFARENDA ERU TIL FYRIRMYNDAR MED ÞVI AD...**

1. Fara að umferðarlögum og öðrum þeim reglum sem gilda
2. Fylgja regn umferðar- og umgengisreglum og sjna ábyrgð og tillitsemi
3. Vera skakandi fyrir umhverfinu, sjna ábyrgð, kurtasi og tillitsemi
4. Verða miðvæg samvinnu og enja og fyrir hestafólki og annara vegfarenda
5. Verða sérstök hestafólki ástærangar og annar umferðar hrasvegir

**GANGANDI, HLAUFRANDI, HJÓLANDI, SKÍÐANDI OG AKANDI...**

1. Sjna ávallt varúð áháð ferðing
2. Er meðtaður um mögulega stöggð hestans og letur eftir augsambandi við knapa
3. Gætt þess að vera sjónlegur og hefur vilt sjónvæð hestans í huga
4. Fer ávallt varúð inn á stöpsvæga mögulega ástærangar og gætt hlytu varúðar á stöpsvægu stögu og vegum
5. Er meðtaður um mögulega hattu á svæði sem hann sér ekki yfir
6. Gætt þess að laumtíðum, vöruleka, flau, hlyp og dröggvægu getur fætt hestinn
7. Hefur huga á hestum og knapar enu á öllum abta og missarar
8. Notar andrústin og hefur sja til að abta vöruleka við abtaður sem þess kerfjast
9. Hefur huga á sér og hefur hann hattu í skum
10. Verður sérstök vöruleka hestafólki, hestum á sér og missarar í dröggvægu þar sem við á

[www.samgongustofa.is/hestregningur/](http://www.samgongustofa.is/hestregningur/)



## Polreið

Fyrsta Polreið LH fór fram í lok ágúst. Keppnin var haldin sem eins konar profureið til að sjá til að safna saman þekkingu og reynslu ásamt mynd- og kynningarefni með það fyrir augum að skoða möguleikann á að gera mótið að árlegum viðburði. Polreið er keppnisgrein sem nýtur mikilla vinsælda um allan heim og ef vel tekst til má búast við að greinin geti vakið áhuga á íslenska hestinum hjá hestamönnum sem ekki hafa áður kynnst íslenska hestinum.

Riðið var frá Lýtingsstöðum í Skagafirði, yfir Kjöl og endað á Skógarhólum, um 250 km. reið á fjórum dögum. Að þessu sinni tóku fjögur lið þátt en keppnin fer þannig fram að þrír eru saman í liði, einn knapi, tveir aðstoðarmenn og þrír hestar. Eru tveir hestar notaðir hvern dag og einn hvíldur og hvorum hesti er riðið um 25-35 km. leið í senn. Var Helgi Sigurðsson dýralæknir með í för og fylgdist vel með ástandi hestanna allan tímann. Á hverjum áfangastað er mæld öndun, púls og líkamlegt ástand hestanna og refistig eru gefin fyrir of háan púls og fyrir áverka ef einhverjir eru. Hestarnir voru allir í toppformi, enda þrautþjálfaðir hestar, og stóðust allir dýralæknaskoðun.



Úrslit urðu þau að sigurvegari var lðunn Bjarnadóttir í liði Saltvíkur, á heildartímanum 18 klst. og 40 mín. Í öðru sæti varð Anni Whelan í liði Íslandshesta, þriðji varð Hermann Árnason í liði Hermanns hestaferða og fjórði varð Musse Hasslevall í liði Eldhesta. Afar jafnt var á með liðunum og skildu aðeins 24 mínútur á milli fyrsta og fjórða knapa.

Polreið 2022 verður haldin í lok ágúst. Haldið verður til á Rjúpnavegum og riðið um friðland að Fjallabaki og fleiri slóða í nágrenni. Auglýst verður eftir umsóknum eftir áramót og eru sæti í boði fyrir 10 lið.

## Reiðvegamáll

Reiðveganefnd hefur átt nokkra fundi á árinu með Vegagerðinni og samgönguráðherra þar sem farið hefur verið fram á aukna fjárveitingu til reiðvegagerðar og rætt um bætt samráð Vegagerðarinnar og reiðveganefnda í hverjum landshluta. Samþykkt hefur verið að endurnýja samning frá árinu 1982 milli Vegagerðarinnar og LH um sameiginlegan skilgreiningu á reiðvegum og reiðfærum slóðum. Er þeirri vinnu ætlað að tryggja að séð verði til þess að reiðfært verði meðfram öllum þeim vegum sem lagðir verða bundnu slitlagi. Hefur verið settur á fót vinnuhópur sem vinnur að því að klára nýtt samkomulag á milli aðila.



Á vordögum tilkynnti samgönguráðherra um aukafjárveitingu til reiðvegamála sem kemur til úthlutunar árin 2021 og 2022, alls 100.000.000 kr. Framlög ríkisins til reiðvegamála hækkaði því úr 75.000.000 kr. hvort árið í 125.000.000 kr.



Reiðstígar – gerð og uppbygging



Vegagerðin og Landsamband hestamannafélaga  
Júlí 2021

Leiðbeiningar

Haraldur Sigursteinsson og Halldór Halldórsson hafa undanfarið unnið að endurskoðun svokallaðar reiðvegahandbókar, um gerð og uppbyggingu reiðstíga, sem gefin var út var í samvinnu við Vegagerðina. Handbókin er nú í lokayfirlestri hjá Vegagerðinni og stefnt að því að birta á næstu vikum.

## Landsmót hestamanna ehf.

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Stefáni Loga Haraldssyni sem er formaður og Hákon Hákonarsyni f.h. LH, Sveinn Steinarsson f.h. FHB, varamenn eru Guðni Halldórsson og Eysteinn Leifsson.

Gerð var varfærnisniðurfærsla í ársreikningi vegna eignarhluts og kröfu LH á LM ehf.

Ein af stærstu eignum LM ehf. eru myndböndin í WorldFeng. Hestamannafélögum býðst að kaupa aðgang að myndböndunum fyrir sína félagsmenn fyrir 350 kr. á ári fyrir hvern félagsmann 18-69 ára, en almennur aðgangur kostar annars 4.990 á ári fyrir hvern notanda. 24 hestamannafélög hafa keypt aðgang fyrir sína félagsmenn á árinu, ásamt Félagi hrossabænda.

Félög með myndbandaaðgang
Hestamannafélagið Adam
Hestamannafélagið Borgfirðingur
Hestamannafélagið Brimfaxi
Hestamannafélagið Dreyri
Hestamannafélagið Freyfaxi
Hestamannafélagið Funi
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Glaður
Hestamannafélagið Grani
Hestamannafélagið Hörður
Hestamannafélagið Kópur
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Létfir
Hestamannafélagið Máni
Hestamannafélagið Neisti
Hestamannafélagið Sindri
Hestamannafélagið Skagfirðingur
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Snarfari
Hestamannafélagið Snæfellingur
Hestamannafélagið Söti
Hestamannafélagið Sörli
Hestamannafélagið Trausti
Hestamannafélagið Þytur

## Skógarhólar



Skógarhólar

Aðsókn að Skógarhólum var nokkuð góð í sumar og voru hópar á staðnum um hverja helgi og talsverð nýting í miðri viku líka.

Félagsskapur „Vina Skógarhóla“ undir forystu Eggerts Hjartarsonar gerði allnokkrar endurbætur á húsinu í sumar líkt og undangengin ár. Stærstu verkefni voru að steypa í gólf á veislusalnum sem gjörbreytti allri aðstöðu þar. Einnig var steipt og parketlagt gólf í einu herbergi, herbergið málað ásamt anddyrinu, gengið var frá þakkanti, ásamt almennu viðhaldi á staðnum og umhverfinu. Í lok sumars gaf sig vatnsdæla í borholu og var nýrri dælu komið fyrir.

Rekstur Skógarhóla hefur verið færður yfir á eignarhaldsfélags í eigu LH, Skógarhóla ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

## Sportfengur

Alls voru haldin um 130 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður, með um 9.900 skráningum alls.

Samningur við Svía og Norðmenn um notkun Sportfengs var gerður í lok árs 2020, Færeyingar bættust hópinn í byrjun árs 2021 og Finnar hafa lýst yfir áhuga á að semja um notkun á Sportfeng frá og með næsta keppnisári.

Gjaldskrá fyrir notkun Sportfengs við skráningar á námskeiðum breyttist í upphafi árs þannig að nú greiða námskeiðshaldarar fasta upphæð, kr. 400 fyrir hverja skráningu, í stað prósentutölu. Upphæðin skiptist eins og önnur gjöld á milli RML og LH.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á kerfinu, komið er nýtt og endurhannað skráningarkerfi, ný keppnisgrein, gæðingatölt, var forrituð inn í kerfið ásamt ýmsum lagfæringum.

## Íslandsmót

Glæsilegt Íslandsmót fullorðinna og ungmenna var haldið á Hólum 30. júní til 4. júlí, það voru hestamannafélögin á Norðvesturlandi sem héldu mótið í sameiningu. Íslandsmót barna og unglunga 2021 var haldið af Hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði dagana 15. til 18. júlí.

Frestur til að sækja um að halda Íslandsmót 2022 var til 30. september. Ein umsókn barst um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna frá Hestamannafélaginu Geysi og ein umsókn barst um að halda Íslandsmót barna og unglunga frá Hestamannafélaginu Borgfirðingi og hefur stjórn samþykkt að ganga til samninga við viðkomandi félög.

Um nokkurra ára skeið hafa ekki verið farandverðlaun á Íslandsmóti og var ákveðið að koma upp veglegum farandverðlaunum í öllum greinum. Hestamannafélagunum var boðið að kosta verðlaunagripina sem voru merktir hverjum gefanda fyrir sig. Félögin brugðust frábærlega vel við, ásamt nokkrum einstaklingum og færur við þeim bestu þakkir fyrir. Til stendur að endurtaka leikinn á næsta ári fyrir Íslandsmót barna og unglunga.



Eftirtaldir gáfu bikar fyrir Íslandsmót:

Tölt T1 meistaraflokk, gefandi Helgi Jón Harðarson  
Tölt T1 ungmennaflokk, gefandi Stangarlækur 1  
Fjörgangur V1 meistaraflokk, gefandi Hestamannafélagið Sprettur  
Fjörgangur V1 ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Sprettur  
Fimmgangur F1 meistaraflokk, gefandi Hestamannafélagið Skagfirðingur

Fimmgangur F1 ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Skagfirðingur  
Slaktaumatölt T2 meistaraflokk, gefandi Hornhestar  
Slaktumatölt T2 ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Þytur  
250m skeið meistaraflokk, gefandi Hestamannafélagið Hörður  
150m skeið meistaraflokk, gefandi Hestamannafélagið Hörður  
150m skeið ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Hörður  
100m skeið meistaraflokk, gefandi Hestamannafélagið Fákur  
100m skeið ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Fákur  
Gæðingaskið PP1 ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Geysir  
Samanlagður fjórgangssigurvegari í meistaraflokk, gefandi Hestamannafélagið Sindri  
Samanlagður fjórgangssigurvegari í ungmennaflokk, gefandi Hestamannafélagið Ljúfur  
Samanlagður fimmgangssigurvegari í meistaraflokk, gefandi æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Sörla  
Samanlagður fimmgangssigurvegari í ungmennaflokk, gefandi æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Sörla

Þá var haldið glæsilegt Fjórðungsmót í Borgarnesi sem bendir til þess að tími fjórðungsmótanna sé síður en svo liðinn undir lok.

Mörg glæsileg mót önnur voru haldin víða um land á árinu og of langt mál að telja þau öll upp og ljóst að breiddin er mikil, bæði þegar kemur að hestum og knöpum og gæðin alltaf að aukast. Það er þó umhugsunarefni og verkefni næstu ára að finna leiðir til að laða að fleiri áhorfendur að mótum. Framtíðarskipan mótamála, ekki sýst stórmóta, er viðfangsefni sem við forsvarsmenn hestamanna stöndum frammi fyrir og er það umræða sem þarf að taka með framtíðarhagsmuni hestamennskunnar í huga.

## Jöfnunarsjóður dómarakostnaðar

Nokkur umræða hefur verið um þann ójöfnuð sem félög búa við varðandi kostnað við dómgæslu á mótum. Sum félög eru þannig staðsett að dómaraþarfur þurfa að ferðast um langan veg til þeirra með tilheyrandi ferða- og gistikostnaði. Ákveðið hefur verið að auglýsa eftir umsóknum um styrk til jöfnunar á ferðakostnaði dómara vegna mótahalds á árinu 2021.

## Gæðingakeppni

### Útbreiðsla

Hópur um eflingu og útbreiðslu gæðingakeppni hefur tekið til starfa. Hópur um eflingu og útbreiðslu gæðingakeppni hefur tekið til starfa. Þátttaka í gæðingamótum hefur heldur dregist saman ef frá eru talin stórmót og úrtökur fyrir stórmót. Er meiningin að reyna að finna út hvað veldur og hvernig hægt er að auka áhugann á þessari grunnkeppnisgrein íslenska gæðingsins hér heima og erlendis. Hefur hópurinn fundað einu sinni auk þess að kasta hugmyndum á milli í síma og póstum. Einnig hefur verið skipaður hópur um Íslandsmót í gæðingakeppni og standa vonir til þess að Íslandsmót í gæðingakeppni fái formfastari sess í mótahaldinu og regluverkinu.

### WR-listi í gæðingakeppni

Haldið var eitt WR mót í gæðingakeppni á Íslandi sumarið 2021 og þrjú mót erlendis, eitt í Svíþjóð, eitt í Noregi og eitt í Danmörku. Röðun á WR lista í hverri grein er byggð á meðaltali tveggja bestu einkunna pars og gildir árangur í tvö ár.

WorldRanking listi í gæðingakeppni er aðgengilegur á heimsíðu LH  
<https://www.lhhestar.is/is/keppni/wr-listi-gaedingakeppni>

## Verðlaunahátíð LH

Uppskeruhátíð hestamanna verður ekki haldin árið 2021. Til stendur að veita knapaverðlaun fyrir árið 2021 í stuttu boði að loknum formannafundi, með áherslu á gera afhendingu verðlauna hátt undir höfði í beinni útsendingu á Alendis, og hafa tilnefningar þegar verið kynntar á vefmiðlum.

## Nýliðun / kynningarmál

Starfshópur um kynningar- og útbreiðslumál er að hleypa úr vör samfélagsmiðlaátaki með það að markmiði að opna heim almennrar hestamennsku á Íslandi og bæta ímynd hestamenskunnar, auka nýliðun og bæta aðgengi að fjölmiðlum. Til stendur að heimsækja hestamenn og taka við þá stutt viðtöl, hampa þannig grasrótinni í aðildarfélögum LH. Ráðinn verður verktaki sem tekur að sér efnisöflun og ritstjórn á samfélagsmiðlum.

Á síðasta Landsfundi sambandsins kom fram ákall frá grasrót félagsins um meiri athygli á almenna hestamennsku. Þessu átaki er ætlað að styrkja rödd hestamanna almennt, opna heim hestamenskunnar og smíða upplýsingaleið inn í önnur útivistar- og íþróttafélög.

## Afreksmál

LH er í B-flokki alþjóðlegra sérsambanda hjá afrekssjóði ÍSÍ.

B	KRA – Kraftlyftingasamband Íslands	15.250.000
	ÍHÍ – Íshökkísamband Íslands	14.600.000
	LH – Landssamband hestamannafélaga	12.400.000
	BSÍ – Badmintonsamband Íslands	11.850.000
	KLÍ – Keilusamband Íslands	11.575.000
	DSÍ – Dansíþróttasamband Íslands	11.050.000
	BLÍ – Blaksamband Íslands	11.000.000
	JSÍ – Judosamband Íslands	10.350.000
	SKY – Skyldingasamband Íslands	9.800.000
	STÍ – Skotíþróttasamband Íslands	8.875.000
	KAÍ – Karatesamband Íslands	5.850.000

Úthlutun til B-sambanda úr afrekssjóði 2021

B-sambönd afrekssjóðs þurfa m.a. að hafa starfsmenn í afreksmálum á ársgrunni, vera með öflugra hæfileikamótun og einstaklinga innan sinna raða sem talið er að geti komist í fremstu röð í heiminum í sinni íþróttgrein, hafa gildandi afreksstefnu til fjögurra ára og tveggja ára aðgerðaráætlun hið minnsta og við mat innan flokksins er sérstaklega horft til umfangs alþjóðlegrar þátttöku og afrekslista viðkomandi greinar.

### Afreksstefna

Afreksstefna LH 2020-2024 var samþykkt á landsþingi 2020 og má finna á vef LH.  
<https://www.lhhestar.is/static/files/afreksstefna-lh-2020-2024.pdf>

### Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Hæfileikamótun LH var nú í annað sinn starfrækt veturinn 2021. Markmiðið er að ná til ungra knapa víðsvegar um landið og byggja þau upp sem keppnisknapa í fremstu röð. Hóparnir voru staðsettir eftir landshlutum til að tryggja aðgengi efnilegra unglunga um allt land.

Tilgangurinn með hæfileikamótun er að byggja upp afreksknapa til framtíðar og ná samfellu í afreksstarfið allt frá unglingsaflokki upp í fullorðinsflokk.

Hæfileikamótun veturinn 2021-2022 hófst í október. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulaginu frá því sem var síðustu ár. Auglýst eftir þátttakendum og var valið úr umsækjendum með tilliti til keppnisárangurs. Fengu 29 knapar inngöngu í hópinn. Starfið hófst með helgarferð að Hólum þar sem knaparnir fengu kennslu á skólahestunum og einnig sýnikennslu frá kennurum á Hólum. Í vetur verða svo tvær kennsluhelgar til viðbótar þar sem knapar mæta með eigin hesta og boðið verður upp á fyrirlestra. Fyrsti fyrirlesturinn er fyrirhugaður í desember með næringafræðingi.

### Landsliðshópar LH



Landsliðshópar fyrir árið 2021 voru kynntir í lok október á síðasta ári og á næstu vikum verða landsliðshópar 2022 kynntir. Nánar um starfsemi landsliðshópanna má lesa í skýrslu landsliðsnefndar.

### Stefnumótun í afreksmálum

Um þessar mundir eru þrjú ár síðan núverandi fyrirkomulag afreksmála var tekið upp hjá LH, þar sem þjálfarar eru í starfi allt árið og landsliðshópar eru valdir árlega. Landsliðsnefnd LH hefur nýlega hafið stefnumótunarvinnu fyrir afreksmálin í heild, þar sem verið er að rýna hvernig til hefur tekist sl. 3 ár, hlutverk starfsmanna og verkefni landsliðshópanna verða skilgreind upp á nýtt.



## Heimsmeistaramóti 2021 aflýst

Í lok apríl tilkynnti FEIF að Heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem halda átti í Herning í ágúst væri aflýst vegna Covid-19. Nokkrar þreifingar urðu meðal formanna Norðurlanda um hvort möguleiki væri að löndin myndu taka sig saman um að halda HM í smærra sniði, án áhorfenda, en niðurstaðan varð sú að ferlið væri of þungt í vöfum til að hægt væri skipuleggja svo stórt mót með stuttum fyrirvara.

## Norðurlandamót 2022

Finnland mun halda Norðurlandamótið 2022 í Álandseyjum dagana 9. til 14. ágúst. Svæðið var byggt upp árið 2020 fyrir keppni á íslenskum hestum og uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra viðburða af þessu tagi og er einkar vel staðsett. Það stefnir í sterkt og skemmtilegt Norðurlandamót árið 2022.

## Endurskoðun laga og reglna LH

Á landsþingi 2018 var ákveðið að fara í vinnu við að endurskoða lög og reglur LH. Laganefnd var falið að vinna að heildarendurskoðun laganna og samræmingu á þeim við núgildandi reglur FEIF. Sú vinna stendur yfir og verða einstakir kaflar laganna lagðir fyrir valdar nefndir til yfirlstrar á næstu vikum. Þegar heildarmynd verður komin á endurskoðað regluverk verður það lagt fyrir formenn félaga til kynningar og svo í framhaldi til samþykktar á landsþingi 2022.

## Trec

Nokkur áhugi hefur verið meðal hestamanna að hefja Trec-keppni á Íslandi. Aðeins ein Trecbraut er til á landinu eins og er en hún er í Eyjafirði. Hugmyndir hafa verið um að koma upp Trecbraut á Skógarhólum, en þar er opið svæði og landslag sem gæti nýst vel til þess. Æskulýðsnefnd hefur verið falið að koma þessari keppnisgrein í farveg, hvetja félög til að koma sér upp aðstöðu til að halda Trec-mót og kanna til hlítar möguleika á að nýta aðstöðu LH á Skógarhólum til þessa.

## Könnun um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélög

Í sumar var send spurningakönnun til hestamannafélaga um stuðning sveitarfélaga við hestamannafélögin. Tilgangurinn með þessari upplýsingaöflun er að kanna hvernig staðan er hjá hverju hestamannafélagi gagnvart sínu sveitarfélagi. Í kjölfarið geta hestamannafélögin borið sig saman við hvert annað og nýtt upplýsingarnar sem verkfæri til að leita stuðnings hjá sínu sveitarfélagi.

Helstu niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á formannafundi og í kjölfarið verður unnin skýrsla úr niðurstöðunum og send til hestamannafélaganna.

## Menntaráðstefna LH

FEIF gerir lágmarkskröfur um símenntunar til að þjálfarar haldist á lista FEIF yfir þjálfara og reiðkennara (trainer level). Símenntunareglur Menntanefndar LH eru birtar á heimasíðu LH undir flípanum „menntun“ <https://www.lhhestar.is/is/menntun/endumenntun>.

Menntanefnd skipulagði afar metnaðarfulla menntaráðstefnu sem stendur nú yfir og þeir sem sitja ráðstefnuna geta þannig uppfyllt símenntunarkröfu FEIF. Ráðstefnan er röð



fyrirlestra frá reiðkennurum á heimsmælikvarða. Kennarar á ráðstefnunni eru: Dr. Hilary Clayton frá Bandaríkjunum, Víkingur Gunnarsson lektor við Háskólann á Hólum, Dr. Andrew Mclean frá Ástralíu og Anja Beran frá Þýskalandi. Í lok ráðstefnunnar verða panelumræður með afreksknöpum í fremstu röð.

## Agamál og Dómstóll ÍSí

Nokkur mál komu inn á borð Aganefndar LH á árinu og var nokkrum niðurstöðum nefndarinnar skotið til dómstóls ÍSí. Dómstóll ÍSí felldi fjóra dóma sem tengjast málum sem upp komu á mótum á árunum 2020 og 2021. Sjá nánar á vef LH.

## Viðbrögð við áreiti og ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar

Umræða um áreiti og ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar hefur verið áberandi að undanfögnu. Eru allir sammála um að uppræta þurfi með öllu að slíkt eigi ekki að þrífast innan hreyfingarinnar. Þetta eru afar viðkvæm mál og að mörgu þarf að gæta. ÍSí hefur hafið markvissa vinnu við að ná betur utan um þessi mál og mun LH fylgja ÍSí að málum í þessu og treysta því að sú vinna muni skila okkur skýrari línunum um það hvernig taka skuli á þeim málum þegar þau koma upp.

## Gullmerki LH

Fjórir heiðursmenn voru sæmdir gullmerki LH á Fjórðungsmóti Vesturlands 2021 sem virðingar- og þakklætisvott fyrir störf þeirra í þágu hestamennskunnar. Það voru þeir Benedikt Línal, Kristján Gíslason, Marteinn Valdimarsson og Þórir Ísólfsen.



## Lokaorð

Heilt yfir má segja að starfsemi LH hafi gengið vel. Þrátt fyrir ýmsar áskoranir hefur okkur hestamönnum tekist að halda úti öflugum móta- og félagsstarfi.

Starfssemi skrifstofu hefur gengið vel og ber það að þakka okkar frábæra starfsfólki. Þá hefur starf flestra nefnda gengið vel og skilað góðum árangri enda mikið mannval í nefndum sambandsins.

Fjárhagur LH er sterkur og staða þess góð. Við stöndum þó frammi fyrir mörgum áskorunum og á mörgum sviðum má enn slá í klárinn, hestamennskunni til heilla. Verkefnalistinn er

langur og krefjandi en samstillt stjórn, öflugir starfsmenn og fulltrúar í nefndum ásamt forvígismönnum hestamannafélaganna í landinu geta áorkað miklu og komið enn stærri hlutum til leiðar.

Stjórn LH þakkar ánægjulegt og gefandi samstarf og horfir björtum augum til framtíðar.

Fyrir hönd stjórnar LH  
Guðni Halldórsson formaður